

## Aukafulltrúafundur Félags framhaldsskólakennara

Haldinn 10. nóvember 2017

Á Fosshóteli við Guðrúnartún, Reykjavík

Fundur settur kl. 13:00.

Guðríður setur fund og fer yfir helstu mál á dagskrá félagsins þessa dagana. Þar ber hæst málarekstur fyrir félagsdómi gegn Kvennaskólanum þar sem félagið hyggst áfrýja til Hæstaréttar eftir frávisun Félagsdóms, en málið snýst um að efna 7. grein kjarasamningsins. Einnig stendur félagið í stappi vegna skörunar á ákvæðum kjarasamnings og nýrrar reglugerðar menntamálaráðherra um starfstíma framhaldsskóla og ólöglegum breytingum á skóladagatali í framhaldi af því. Þetta eru brýn mál sem verið er að vinna að núna.

Formaður gerir tillögu um Guðbjörn Björgólfsson sem fundarstjóra og var það samþykkt samhljóða. Guðbjörn tekur við fundarstjórn. Guðbjörn gerir tillögu um Óla Njál Ingólfsson sem fundarritara og er það samþykkt samhljóða.

Guðbjörn fer yfir dagskrá fundarins.

Kl. 13:15 [Menntun fyrir alla. Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar, helstu niðurstöður og samþykktar aðgerðir.](#)

**Ragnar Þorsteinsson, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.**

Umræður. Rætt stuttlega um hugtakamun „Menntun fyrir alla“ og „Skóli án aðgreiningar“. Menn hallast að því að hugsa frekar um menntun fyrir alla.

Kl. 13:45 [Kjaramál. Launasamanburður og horfur í samningamálum.](#)

**Oddur S. Jakobsson, hagfræðingur KÍ.**

Fyrirspurn frá **Guðmundi Björgvini**: Á að lögsetja Salek? **Oddur S. Jakobsson**: Langsótt en það truflar samningaviðræður að samninganefnd ríkisins er umboðslaus út af pólitískri stöðu.

Kl. 14:15 [Fjárframlög til mannauðsmála í félagsdeildum.](#)

**Anna María Gunnarsdóttir, sérfræðingur FF.**

Farið yfir tilurð 0,1% framlags til mannauðsmála með kjarasamningi 2014. Farið yfir úthlutunarreglur frá janúar 2015. Helstu verkefni 2017: námskeið fyrir samstarfsnefndir, endurskoðun stofnanasamninga, endurmenntun fyrir trúnaðarfólk og skólamálanefnd. Haldinn kynningarfundur fyrir nýja kennara. Fjórir skólar fengið úthlutun á árinu. MÍ, Flensborg, MR og FNV. Fjórir skólar hafa endurskoðað stofnanasamninga. Kostnaður við trúnaðarmannanámskeið: 1,9 milljónir. Tekjur sjóðsins 10,7 milljónir á ári, útgjöld 2,8 á árinu 2017. Heildareign nú 33,1 milljón.

**Umræður: Unnar Bachmann**: Á aðalfundi 2014 var rætt um að endurskoða framlög til trúnaðarmanna, hvernig er staðan á því?

**Anna María**: Ekki er veitt til trúnaðarmanna af 0,1% kjarasamningsbundnu framlagi. En það var bætt við einni milljón til trúnaðarmanna frá félaginu, reiknað skv. sömu reglum og áður. Um 20% hækkun.

**Guðríður Arnardóttir:** Kjarasamningsbundið framlag er ekki til að greiða laun trúnaðarmanna heldur til að standa straum af fræðslu. Nauðsynlegt að endurskoða kjör trúnaðarmanna. Hefur verið rætt innan stjórnar, orðið mikið álag og rúmast ekki innan þeirra heimilda sem þeir hafa innan dagvinnutíma.

**Baldvin Björgvinsson:** Hlutverk öryggistrúnaðarmanna er nú lögbundið með reglugerð en þeir virðast eiga að gera það í sjálfboðavinnu. Ekki hlutverk félagsins að sjá um þá en þarf að skoða þetta í næstu kjarasamningum?

**Anna María Gunnarsdóttir:** Öryggistrúnaðarmenn snerta ekki okkar félag, eru lögbundnir í opinberum stofnunum og á ábyrgð hennar, þótt sumir þeirra séu félagsmenn hjá okkur.

Kl. 14:30 *Reglur um störf kjörstjórnar og framkvæmd atkvæðagreiðslu til stjórnarkjörs Félags framhaldsskólakennara 2018.*

**Guðbjörn Björgólfsson:** Staðfest hefur verið af kjörstjórn félagsins, sem getur ekki mætt á fundinn, að hún styður tillögur að nýjum reglum um framkvæmd atkvæðagreiðslu til stjórnarkjörs.

**Anna Rós Sigmundsdóttir,** lögfræðingur Kennarasambands Íslands, gerir grein fyrir tillögum að starfsreglum kjörstjórnar og framkvæmd atkvæðagreiðslu.

- [Starfsreglur kjörstjórnar FF með breytingartillögum.](#)
- [Tillaga að starfsreglum kjörstjórnar fyrir fulltrúafund.](#)

Breytt tilvísun í lög FF þar sem nr. lagagreinar hafði breyst.

Númer greina breytist.

Tillaga um orðalag í 8. grein.

Í 9. grein búið að bæta skýringu þess efnis að rafræn kosning teljist vera skrifleg kosning og að kjörstjórn sé heimilt að ákvarða að kosning skuli fara fram með skriflegum hætti.

Í 10. grein er kveðið á um að ef kosning er ekki með rafrænum hætti þá sé hægt að kjósa t.d. með atkvæðaseðlum í pappírformi. Anna Rós gerir grein fyrir þeirri málvenju að rafrænt efni geti talist skriflegt, almennt talar fólk t.d. um að skrifa tölvupóst. Almennt er viðurkennt að hægt sé að senda skrifleg gögn með tölvupósti.

Í 11. gr. er orðalagi breytt til samræmis við rafræna kosningu. Anna Rós tók fram að vegna mistaka hafi orðið „ár“ fallið út úr tillögunni en ekki hafi staðið til að fella það orð úr reglunum. Anna Rós baðst velvirðingar á þessum mistökum. Rétt tilaga að gr. 11 hefði átt að vera: „Þegar um er að ræða skriflega kosningu sem fer ekki fram með rafrænum hætti eru kjörgögn geymd í læstum kjörkassa sem formaður kjörstjórnar hefur lykil að. Í slíkum tilvikum varðveitir kjörstjórn skrifleg kjörgögn í eitt ár á skrifstofu FF í Kennarahúsinu.“

**Unnar Bachmann:** Margir telja rafrænar kosningar ekki skriflegar. Er hætta á að kosningar verði kærðar?

**Anna Rós Sigmundsdóttir:** Skriflegt getur bæði verið rafrænt eða á pappír. Getum aldrei vitað fyrirfram hvort einhver muni kæra kosningar.

**Helgi Ingólfsson:** Margir í MR telja rafrænar kosningar ekki skriflegar. Hefur álit annarra lögfræðinga verið aflað? Hvernig er hjá öðrum stéttarfélögum, eru þar til staðar heimildir til rafræna kosninga?

**Anna Rós Sigmundsdóttir:** Lít svo á að skriflegar kosningar geti bæði verið á pappír eða rafrænu formi. Anna Rós kvaðst ekki hafa skoðað lög allra stéttarfélaganna en vísaði til laga Landssambands íslenskra verzlunarmanna þar sem fram kemur í 8. gr. að „Heimilt er að framkvæma skriflega atkvæðagreiðslu rafrænt“.

**Anna María Gunnarsdóttir:** Við erum að leggja þessar reglur fyrir til að staðfesta að skriflegar kosningar geti verið rafrænar. Ef það er niðurstaða fundarins að kosningar skuli skriflegar á kjörseðlum úr pappír þá verður það þannig. Þá þarf að kaupa búnað til strikamerkingar. FF er eina félagið í KÍ sem er ekki farið að kjósa rafrænt.

**Guðmundur Björgvin:** Munur á starfsreglum kjörstjórnar og lögum FF. Segir í 12. grein að stjórn sé kosin skriflega. Í 24. grein segir að lögum geti ekki verið breytt nema á aðalfundi. Sé ekki hvernig fulltrúafundur getur breytt þessu. Væri eðlilegt að aðalfundur ræddi þetta? Tel að þessi fundur geti ekki tekið þessa ákvörðun.

**Anna Rós Sigmundsdóttir:** Almenn málvenja í dag að rafrænt geti verið skriflegt. Skrifleg kosning getur hins vegar almennt ekki falist í því að notuð er líkamstjáníning eða tal, t.d. með því að rétta upp hönd, svara já eða nei, við greiðslu atkvæða. Fulltrúafundur getur tekið þessa ákvörðun um að breyta starfsreglum kjörstjórnar.

**Hermann Jón:** Erum við ekki örugglega að breyta starfsreglum en ekki lögum félagsins?

**Anna Rós Sigmundsdóttir:** Jú, við erum að skýra og breyta starfsreglum.

**Guðmundur Björgvin:** Er heimilt að breyta starfsreglum sem stangast á við lög félagsins? Hvernig á að vista rafrænu kosninguna?

**Anna Rós Sigmundsdóttir:** Það er ekki heimilt að breyta starfsreglum þannig að þær stangist á við lög FF. Tel þetta ekki í andstöðu við lög FF. Kosningakerfið er ópersónugreinanlegt. Niðurstöður eru almennt vistaðar til langs tíma, mikið lengur en eitt ár. Hægt að bæta inn í reglurnar að niðurstöðurnar verði geymdar í eitt ár eða lengur. Áfram hægt að óska eftir skriflegri atkvæðagreiðslu.

Kl. 14:45 *Kaffihlé.*

Kaffihlé lokið, áfram rætt um tillögur um breytingar á starfsreglum kjörstjórnar Félags framhaldsskólakennara og framkvæmd atkvæðagreiðslu um stjórnarkjör.

Guðbjörn óskar eftir breytingatillögum við tillögur um breytingar á starfsreglum kjörstjórnar Félags framhaldsskólakennara og framkvæmd atkvæðagreiðslu um stjórnarkjör. Þær þurfa að koma skriflega. Engin barst. Gengið til atkvæða samkvæmt tillögu kjörstjórnar.

Borið upp til atkvæða. Tillögur um breytingu á starfsreglum kjörstjórnar Félags framhaldsskólakennara og framkvæmd atkvæðagreiðslu um stjórnarkjör samþykktar eins og þær voru kynntar í fundarboði með þeirri breytingu að orðinu „ár“ var bætt við fyrir aftan orðið „eitt“ í 11. gr. samþykktar starfsreglna: 30 sögðu já, 4 sögðu nei.

Kl. 15:15 *Sala á Karlagötu 15.*

**Guðríður Arnardóttir:** Íbúð keypt fyrir AS formann sem hafði hana til umráða til 2014. Eftir að AS lét af embætti hefur íbúðin verið í útleigu. Mikið hefur verið rætt um hvað skal gera við íbúðina. Verð íbúðarinnar hefur stöðugt hækkað en nú eru blikur á lofti um lækkun á markaði. Nokkuð óvænt skilaði leigjandinn lykklunum að íbúðinni í ágúst. Stjórnin setti þá íbúðina á sölu þar sem búið væri að hámarka mögulegan hagnað af íbúðinni. Guðríður sagði sér skylt að játa þau mistök að hafa yfirsétt bókun aðalfundar um að samþykki aðal-/fulltrúafundar þurfi fyrir sölunni og biðst afsökunar á þeim. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð en þarfnast viðhalds. Fimm fasteignasölur voru beðnar um tilboð í söluna. Biður um trúnað varðandi fjármögnun kaupanda á íbúðinni. Tilboðið er 28,7 milljónir.

Ef hugur félagsmanna stendur til þess að félagið eigi íbúð leggur formaður til að Karlagatan verði engu að síður seld en nýrri eign keypt í staðinn. Kaupandi er fullmeðvitaður um fyrirhugaðar framkvæmdir og ástand íbúðarinnar. Ítrekar afsökunarbeiðni.

**Baldur Garðarsson:** Er kaupandinn upplýstur um allt sem hefur gerst eftir að hann gerði tilboð? Hafa félagsmenn forkaupsrétt?

**Guðríður Arnardóttir:** Íbúðin á sölu frá því í ágúst. Engin ákvæði um forkaupsrétt. Íbúðin er veðbandalaus því lán voru greidd upp. Kaupandi hefur verið upplýstur um hvaða framkvæmdir eru fyrirhugaðar og að framkvæmdasjóður hafi verið stofnaður. Allir gátu séð þessa íbúð auglýsta og mætt á opið hús sem var haldið tvisvar.

**Borið upp til atkvæða:** Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um sölu íbúðar að Karlagötu 15 á 28,7 milljónir. Salan samþykkt með 31 atkvæði, þrjár sátu hjá við atkvæðagreiðslu.

Kl. 15:45 *Önnur mál.*

**Anna María Gunnarsdóttir:** Mér finnst stóru málin í félaginu ekki eiga að vera hvort það sé heimilt að hafa rafrænar kosningar, hvort stjórn hafi formlega og tæknilega leyfi til að kalla fólkið sitt til fundar, hvort Karlagatan verði seld eða ekki. Mér finnst stóru málin heldur ekki vera Vísindasjóðurinn eða hvort starfsmenn fara á námskeið í samningatækni eða bókhaldi eða hvernig er úthlutað af 0,1% framlaginu. Finnst allt vera í góðu horfi hjá okkar félagi. Stóru málin eru komandi samningar og réttindagæsla.

Ég er ekki lengur á fésbókarhópnum Nýrri sýn (lófaklapp). Félagið á ekki að detta í þá umræðu sem þar er. Við erum að fara í erfiða samninga, langar okkur að hrekja í burtu það fólk sem hefur gefið kost á sér til stjórnarsetu fyrir okkur og er komið með reynslu og þekkingu sem nýtist í þau stóru verkefni sem framundan eru?

**Guðmundur Björgvin:** Frábært að koma á fund. Hvar er rætt um kjarasamninga og samningsmarkmið á þessum fundi? Það brennur á okkar félagsmönnum. Mjög hröð og góð þjónusta hjá skrifstofu FF og ekkert út á það að setja. Þegar blásið er til svona fundar þurfum við lengri tíma til þess að tala saman. Einhver atriði hér hefðum við átt að klára á aðalfundi 2014. Það er fullt af góðum hlutum í gangi en við þurfum að hlusta á félagsmenn og formenn félagsdeilda og við þurfum að geta komið því á framfæri á þessum vettvangi.

**Guðjón Ragnar:** Maður horfir hérna yfir og sér kennileiti á slóð minninganna. Hér er grasrótin. Tvennt vildi ég nefna og varpa til stjórnar. Það þarf að efla faglega orðræðu, þurfum að bjóða

kennurum að koma og ræða málin. Hafa opna fundi, kennarar geta komið, drukkið gott kaffi og fengið góðar kökur. Væri gott fyrir samninganefndina að bjóða hinum almenna kennara, getum eflt okkar innra starf. Almennur félagsmaður geti rætt auglitis til auglitis við forystuna. Ég hef gefist upp á netinu, vil fara inn í raunheima og að við tölum saman. Gæði hinna nánu tengsla eru mikilvæg. Þurfum að kynnast og tala saman. Held að Guðríður og fleiri séu með góðar hugmyndir til að efla félagið og ávöxtun af húsnæðisbraski getur nýst í þetta. Það er auðlegð og mannauður í félaginu.

**Sólveig Ebba:** Takk fyrir þessar brýningar. Lofa að við munum hlusta og finna okkur flöt. Vil bæta við það sem Anna María sagði til formanna félagsdeilda um skilaboð heim af fundinum. Snúum bókum saman, tókum utan um hvort annað. Erum að fara inn í tíma þar sem við þurfum á því að halda að standa saman. Ekki rífast um lítil mál, einbeitum okkur að því að starfið okkar sé vinnanlegt á kjörum sem við getum sætt okkur við.

Fundarstjóri þakkar fyrir sig og **Guðríður Arnardóttir** tekur til máls.

Þakka fyrir góðan fund. Ég er síðasta manneskjan að tala gegn gagnrýni. En gagnrýni þarf að vera uppbyggileg og rýni til gagns. Ég bauð mig fram til formennsku í stéttarfélagi, lagði til reynslu, feril og framtíðarsýn. Ég er búin að starfa á pólitískum vettvangi í 14 ár. Búin að vera hér í tæp fjögur ár. Hef aldrei lent í annarri eins orrahrið, níði og skítkasti eins og nú í undangengnum kosningum. Það að tapa kosningu er allt í lagi. En ég er beygð eftir umræðu á fésbókinni og í lokuðum spjallþráðum þar sem ég get ekki varið mig. Talað var um mig sem fingralanga, níðing, ég stæði fyrir félagslegum aftökum o.fl. Það situr enginn undir þessu án þess að bogna. Pólitík í Kópavogi eins og breskt teboð miðað við þetta. Ég tel það skipti máli að vera í góðum tengslum við félagsmenn og heimsækja félagsdeildir. Ég vil eiga beint samtal við félagsmenn og er ólöt að svara fyrirspurnum. En ég dreg mig út úr fésbókarumræðunni.

Framundan eru kosningar til formanns FF og erfiður kjarasamningur. Hugsa mig vel um hvort ég býð mig fram, vil ekki fara gegnum sömu svipugöng og í formannskjöri til KÍ. Þeir sem eru á kantinum horfa upp á þetta og blöskrar umræðan, án þess að stíga inn því þeir treysta sér ekki til þess, slíkur er atgangurinn. En ég vil þakka fyrir góðan fund og góðar umræður, margt gott og uppbyggilegt hefur komið fram. Ættum að hittast sem oftast.

Göngum brosandí inn í veturinn með sól í hjarta.

Fundi slitið 16:04.

Fundargerð ritaði Óli Njáll Ingólfsson.